

Fimmtudaginn 4. júní 1987.

Nr. 150/1986. **Lífeyrissjóður málm- og skipa-
smiða vegna sjálfs sín**

og

Félags blikksmiða

(Garðar Garðarsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Blikksmiðjunnar Vogs h/f

(Pétur Guðmundarson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Skiptalög. Forgangskröfur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason, Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þær að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og krafa hans, að fjárhæð 1.922.088,94 krónur, verði samþykkt sem forgangskrafa í þrotabúi Blikksmiðjunnar Vogs h/f. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Málavextir eru þeir, að hinn 12. ágúst 1985 var Blikksmiðjan Vogur h/f úrskurðuð gjaldþrota. Áfrýjandi lýsti kröfum í þrotabúið vegna vangoldinna iðgjalda til lífeyrissjóðsins og vegna félagsgjalda og iðgjalda í sjúkra- og orlofssjóð Félags blikksmiða. Var gerð krafa um að 1.923.188,94 krónur yrðu greiddar úr búinu sem forgangskrafa. Fyrir Hæstarétti hefir áfrýjandi lækkað kröfu þessa um 1.100,00 krónur eða niður í 1.922.088,94 krónur. Skiptastjóri hafnaði því, að kröfur um vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld fyrir

nóvember og desember 1983, samtals kr. 186.464,49, svo og innheimtulaun af þeirri fjárhæð, kr. 15.929,37, yrðu samþykktar sem forgangskröfur, þar sem þær hefðu gjaldfallið meir en 18 mánuðum fyrir gjaldþrotaúrskurð og nyttu því ekki forgangs, heldur aðeins kröfur að fjárhæð 1.719.695,08.

Áfrýjandi vildi ekki fallast á afstöðu skiptastjóra, og var ágreiningi þeirra vísað til meðferðar skiptaréttar Kópavogs, sem staðfesti afstöðu skiptastjóra með úrskurði uppkveðnum 27. janúar 1986.

II.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á 4. og 6. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Hér sé um lífeyrissjóðsgjöld að ræða fyrir mánuðina nóvember og desember 1983, er fallið hafi í gjalddaga 10. desember 1983 og 10. janúar 1984.

Samkvæmt 11. tl. 1. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1979 megi taka greiðslur þessar lögtaki.

Gjöld þessi séu forgangskröfur skv. 4. tl. 84. gr. skiptalaganna. Þau hafi fallið í gjalddaga meira en 18 mánuðum fyrir gjaldþrot. Beiðst hafi verið lögtaks fyrir gjöldum þessum 23. apríl 1985 í fógetarétti Kópavogs, er hafi samdægurs úrskurðað að lögtak skyldi fram fara. Hafi lögtakið verið gert 2. maí s.á. Úrskurður fógetaréttar sé dómur í merkingu 6. tl. 84. gr. skiptalaganna, annaðhvort samkvæmt rýmkanði lögskýringu eða með lögjöfnun. Úrskurðurinn hafi fallið á síðustu sex mánuðum fyrir upphaf skipta og því njóti kröfurnar forgangs samkvæmt 6. tl. 84. gr. laganna.

Telur áfrýjandi það engum vafa undirorpið að í bindandi úrskurði fógetaréttarins um framgang lögtaksins felist réttarfarshagræði lífeyrissjóðnum til handa, sem komi í veg fyrir að krefjast þurfi bæjarþingsdóms til staðfestu á gildi lögtakskröfunnar. Það sé andstætt réttarfarshagræðinu í lögum nr. 21/1979 og 55/1980 við innheimtu þar tilgreindra gjalda ef túlka ætti ákvæði 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 svo að dómsathafnir fógetaréttar teldust ekki dómur í skilningi laganna.

III.

Stefndi reisir dómkröfur sínar á því, að kröfur áfrýjanda um lífeyrissjóðsiðgjöld fyrir nóvember og desember 1983 hafi ekki fallið

í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir gjaldþrot. Framlagning lög-taksbeiðni í fógetarétti sé eigi málshöfðun í merkingu 6. tl. 84. gr. skiptalaga, og úrskurður fógetaréttar Kópavogs ekki dómur í skiln- ingi nefnds lagaákvæðis. Skýra verði hugtök þessa ákvæðis, er sé undantekningarákvæði eftir orðanna hljóðan, þannig að hér sé einungis átt við venjuleg dómsmál.

IV.

Fallast verður á það með stefnda, að 6. töluliður 84. gr. skiptalag- anna sé undantekningarákvæði sem hvorki verði túlkað rýmkandi lögskýringu né beitt með lögjöfnun. Verður því að skýra ákvæði þetta eftir orðanna hljóðan, þannig að hugtökin „mál hefur verið höfðað“ og „dómur“ taki ekki til meðferðar lögtaksmála fyrir fógetarétti.

Samkvæmt því sem nú hefir verið rakið ber að hafna kröfu áfrýj- anda um það að kröfur hans um lífeyrissjóðsiðgjöld fyrir nóvember og desember 1983 að fjárhæð 186.464,49 krónur og innheimtulaun af þeirri fjárhæð 15.929,37 krónur séu forgangskröfur í þrotabúi stefnda.

Áfrýjandi greiði stefnda 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að fógetafulltrúinn, sem kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð, hefur í forsendum hans, með almennum orðum, vísað um efnisrök fyrir niðurstöðu sinni til raka stefnda en ekki tilgreint rök- stuðning sinn sjálfstætt.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að kröfur áfrýjanda, Lífeyrisjóðs mál- og skipasmiða vegna sjálfs sín og Félags blikksmiða, að fjárhæð 1.719.695,08 krónur séu forgangskröfur í hinu stefnda þrotabúi Blikksmiðjunnar Vogs h/f.

Áfrýjandi greiði stefnda 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Kópavogs 27. janúar 1986.

Mái þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 21. þ.m., ekki komu þá fram óskir af hálfu málsaðila um að úrskurði skiptaráðanda skyldu fylgja forsendur.

Sá ágreiningur, sem hér er uppi, varðar kröfu Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða og Félags blikksmiða í þrotabú Blikksmiðjunnar Vogs hf., nnr. 9338-6329, Auðbrekku 2, Kópavogi, sem úrskurðuð var gjaldþrota 12. ágúst 1985.

Kröfur sóknaraðila Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða vegna sjálfs sín og Félags blikksmiða eru þær að kr. 1.923.188,94 verði samþykktar sem forgangskrafa í þrotabúi Blikksmiðjunnar Vogs hf. svo og úrskurðaður verði málskostnaður skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands vegna skiptarmálsins.

Af hálfu skiptastjóra f.h. þrotabúsins er gerð sú krafa að staðfest verði afstaða skiptastjóra skv. kröfulýsingarskrá til viðurkenningar á forgangskröfu stefnanda á hendur búinu að fjárhæð kr. 1.719.695,08. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og jafnframt að málskostnaðarkröfu hans verði synjað.

Rétt þykir með vísan til raka varnaraðila að staðfesta afstöðu skiptastjóra til kröfulýsingar sóknaraðila.

Málskostnaður skal falla niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er afstaða skiptastjóra samkvæmt kröfulýsingarskrá í þrotabúi Blikksmiðjunnar Vogs hf., nnr. 9338-6329, Auðbrekku 2, Kópavogi til forgangskröfu stefnanda, Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða vegna sjálfs sín og Félags blikksmiða.

Málskostnaður fellur niður.